



1. fundur Matsteymis – 3. október 2019.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri, Gyða Kristmannsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Brynhildur I. Hauksdóttir, fulltrúi foreldra, Berglind Ýr Karlsdóttir, fulltrúi foreldra, Valdimar Aðalsteinsson, 8. ÞB fulltrúi nemenda, Katla María Hrafnisdóttir, 9. SEG, fulltrúi nemenda, Ágústa Þorbjörnsdóttir og Sólveig Baldursdóttir og Sigrún Reynisdóttir, fulltrúar kennara, Gyða Úlfarsdóttir, fulltrúi starfsmanna var fjarverandi.

Dagskrá: Skipulag og áherslur vetrarins.

1. Hlutverk matsteymis, vinnulag og drög að matsáætlun kynnt og rædd
2. Ytra mats úttekt Víðistaðaskóla kynnt
3. Niðurstöður úr fyrstu nemendakönnun Skólapúlsins kynntar
4. Önnur mál

1. Hrönn bauð alla velkomna og sagði fundi verða á um fimm vikna fresti markmið með fundum er að skoða starf skólans, rýna til gagns og vinna að sem fjölbreyttustu mati á skólastarfinu og koma með hugmyndir að úrbótum. Fram kom að Sigrún Reynisdóttir heldur utan um að leggja kannanir Skólapúlsins fyrir og vinna með niðurstöður ásamt mats- og umbótanefnd. Einnig kom fram að lagðar eru fyrir aðrar miðlægar kannanir sem eru á vegum sveitafélagsins eða annarra svo sem heilsu og líðan könnun á miðstigi og Rannsókn og greining er með könnun árlega á vímuefnanotkun ungmenna ásamt fleiri þáttum sem eru metnir.

Drög að matsáætlun fyrir árið voru kynnt og samþykkt

Hrönn sýndi inn á heimasíðu skólans þar sem umfjöllun er um innra mat á skólastarfinu og markmið sem við höfum. Sigrún talaði um að gott væri að koma með tillögur um hluti sem þyrfti að skoða eða bæta á fundum matsteymis. Eins væri þarft að kynna vissa hluti betur þar á meðal skólapúlsinn fyrir nemendum sem vita kannski ekki alveg hvernig hann virkar ☺ Það var ákveðið að bæta úr því. Fram kom að við viljum auka við fjölbreytni matsins og vera með rýnihópa nemenda, foreldra og starfsmanna til að fá mynd af skólastarfinu út frá samræðum og spurningum um skólastarf og vonandi fleiri sjónarhorn á starfið. Einnig höfum við kynnt niðurstöður fyrir nemendum á vorin eftir því sem tími vinnst til.

2. Ytra mats úttekt á Víðistaðaskóla verður vikuna 14.-18. október og er nú þegar hafin með því að búið er að skila inn gögnum.
3. Fram kom að niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins eru kynntar tvisvar á ári í janúar og að vori. Niðurstöður úr fyrstu nemendakönnun ársins voru skoðaðar. Út frá skoðun á nemendakönnun og umbótaáætlunum síðasta skólaárs kom fram að við erum undir meðaltali varðandi einelti að mati nemenda og foreldra sem er ánægjulegt. Foreldrum finnst vel tekið á eineltismálum en við vera of lengi að vinna þau mál. Eineltisáætlun hefur nú þegar verið yfirfarin og endurskoðuð. Nemendur upplifa ekki einelti en eru vakandi fyrir því og dugleg að segja frá.



4. Fram kom að það er verið að vinna að mörgu og rýna í skólastarfið á fjölbreyttan hátt. Má þar nefna að starfsmenn eru nýlega búnir að fara í gegnum SVÓT greiningu á Skólabrag og Lýðræðisþing nemenda er nýafstaðið og tókst mjög vel.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:00

Gyða Kristmannsdóttir, ritari fundar